


Minnispunktur um könnun Rannsóknna og greiningar ehf. (R&G) fyrir ÍTR varðandi félagslega virkni unglunga í frístundum

10. mars 2011

Rannsóknir hafa sýnt að sjálfsmynd unglunga mótist að miklu leyti í gegnum þátttöku í frístundum og tómstundastarf þeirra, sem oft liggur utan við umhverfi fjölskyldu og skóla. Þá kemur einnig fram að starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila sé líklegri til að hafa uppbyggjandi áhrif í lífi unglunga frekar en starfsemi sem ekki er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila. Þá dregur skipulagt tómstundastarf úr líkum á að unglingar tileinki sér lífsstíl sem einkennist af áhættuhegðun svo sem notkun vímuefna. Könnun R&G var gerð fyrir ÍTR í nóvember sl. og lögð fyrir alla nemendur í 8., 9. og 10. bekk sem mættu í skólann tiltekinn dag. Alls svöruðu 3578 unglingar könnuninni og kynjahlutfall var nánast jafnt.

Í könnuninni kemur í ljós að í Reykjavík allri segjast 62% aðspurðra unglunga stunda félagsmiðstöð reglubundið en spurt var hvort unglingarnir væru mjög eða frekar ósammála því að þeir stundi ekki félagsmiðstöð. Kynjamunur var óverulegur en 62,6% stráka sögðust stunda félagsmiðstöð reglubundið og 61,5% stelpna. Ef svörin eru borin saman milli árganga þá kemur í ljós að unglingar í 8. bekk eru duglegastir að stunda félagsmiðstöðvar en 75% þeirra segjast stunda félagsmiðstöðvar reglubundið á meðan 59% í 9. bekk svara á sama veg og 53% í 10. bekk.


Að stunda félagsmiðstöð reglubundið byggir á þátttöku „nokkrum sinnum í mánuði eða oftar“ en hugmyndin með spurningunni er að þeir sem svara því til að þeir stundi félagsmiðstöð sé sá hópur unglunga sem nýtir sér þjónustuna meira en minna. Athyglisvert er að þó ákveðinn hluti unglinganna svari því til að þeir stundi ekki félagsmiðstöðvar þá taka þeir engu að síður þátt í ýmsum viðburðum og starfsemi sem þær gangast fyrir.



Samskipti unglunga við starfsfólk félagsmiðstöðvanna


Unglingarnir virðast nokkuð ánægðir með samskipti við starfsfólk félagsmiðstöðvanna en 87% þeirra eru mjög eða frekar ánægðir með samskiptin hvort sem þeir stunda félagsmiðstöðvar reglubundið eða ekki.

Nokkur kynjamunur er merkjanlegur en stelpur (89% á móti 85% hjá strákum) virðast ívið ánægðari með samskiptin við starfsfólkið. Unglingar í 8. bekk virðast ánægðastir en 92% þeirra segjast mjög eða frekar ánægðir á móti 87% í 9. bekk og 84% í 10. bekk. Athygli vekur að hlutfall þeirra sem segjast mjög ánægðir er langhæst meðal 8. bekkinga eða rétt tæp 60% til jafns við rétt rúm 50% unglunga í 9. bekk og 46% unglunga í 10. bekk.



Líðan unglunga í félagsmiðstöðinni

Unglingum virðist almennt líða vel í félagsmiðstöðvunum, hvort sem þeir stunda þær reglubundið eða ekki. Tæp 87% þeirra eru mjög eða frekar sammála því að þeim líði yfirleitt vel þegar þeir eru í félagsmiðstöðinni. Kynjamunur er vart merkjanlegur. Nokkur munur er á aldursdreifingu svaranna en alls eru 91% unglunga í 8. bekk mjög eða frekar sammála því að þeim líði yfirleitt vel þegar þeir eru í félagsmiðstöðinni. Unglingar í 9. og 10. bekk eru ekki eins afgerandi í svörum sínum en 85% í 9. bekk og 83% í 10. bekk eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni.



Þeir sem „ekki eru í neinu“

Almennt má segja að þátttaka unglunga í skipulögðu frístundastarfi í borginni sé afburða góð. Nánast allir unglingar taka þátt í skipulögðu frístundastarfi nokkrum sinnum í mánuði eða oftar. Athyglisvert er að fjöldi þeirra sem ekki tekur þátt í neinu skipulögðu starfi er mjög lítill. Könnunin sýnir að fjöldi þeirra er einungis 57 einstaklingar í þessum aldurhópi. Hlutfall þeirra af heildarfjölda í aldurshópnum er um 1,7%.

